

Ársskýrsla 2022

Efnisyfirlit

1 Inngangur	bls. 03
2 Mannauður	bls. 04
3 Aðstaða	bls. 06
4 Fræðslustarfsemi á árinu	bls. 07
5 Gæðastarf og stefnumótun	bls. 14
6 Skipulagsskrá Fræðslunetsins	bls. 14
7 Töluleg þróun starfseminnar	bls. 15

1. Inngangur

Ársins 2022 verður kannski helst minnst fyrir það að þá lauk áhrifum Covid hjá Fræðslunetinu. Í upphafi árs var að vísu bullandi Covid þar sem bæði starfsfólk og námsmenn veiktust. Það fór ekki að rofa til fyrir en leið að vori en þá hættu allar kröfur um sóttvarnir eins og dögð fyrir sólu. Starfsmenn og námsmenn voru frelsinu fegnir.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Framsetningin er lík þeirri sem verið hefur undanfarin ár; þ.e. lögð er áhersla á gagnorðan og stuttan texta ásamt töflum.

Árlega er ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Þá er ársskýrslan og ársreikningur alltaf aðgengilegur almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins; www.fraedslunet.is.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

2. Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins breyttist á árinu og er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Valdimar Hafsteinsson, (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Hulda Kristjánsdóttir ritari (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Gils Einarsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði alls fimm sinnum á árinu og voru staðfundir haldnir á nýjan leik en ekki fundað í gegnum TEAMS. Fundargerðir funda má lesa á vefsvæði Fræðslunetsins á [þessari slóð](#).

Starfsmannahald

Starfsmannabreytingar urðu verulegar árið 2022. Stöðugildi stóðu þannig í árslok 2022:

Eyjólfur Sturlaugsson	framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	50%
Eydís K. Guðmundsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	90%
Lilja Össurardóttir	verkefnastjóri	100%
Róslín Alma Valdemarsdóttir	verkefnastjóri	50%
Anna R. Pedersen	verkefnastjóri	50%
Oddný Gísladóttir	þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	50%
Viktor Valur Carlsen	kvöldumsjón	45%
Sigríður E. Kristinsdóttir	þrif	30%
Sandra D Gunnarsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Kristín E. Ketilsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Samtals stöðugildi:		8,65

Í heildina er því um tímabundna fækkun starfa hjá Fræðslunetinu að ræða. Í árslok var ekki enn búið að ráða í 40% stöðu verkefnastjóra í Vík og skýrir það mismuninn milli ára. En hreyfingar á árinu voru eftirfarandi: Sædís verkefnastjóri á Höfn sagði upp störfum og hvarf til annarra starfa í maí. Róslín kom í hennar stað í fullt starf. Áslaug verkefnastjóri í Vík fór í veikindaleyfi í maí og sagði svo upp í kjölfarið á miðju sumri. Anna Valgerður verkefnastjóri á Selfossi sagði upp sínu starfi í júlí og hvarf til annarra starfa í október. Í hennar stað var ráðin Kristín Elfa Ketilsdóttir og kom hún til starfa í desember. Þá hóf Anna Pedersen störf á Höfn í 50% starfshlutfalli í desember þar sem Róslín var á leið í færðingarorlof. Oddný fór í veikindaleyfi í júní og var ekki við störf út árið. Þá minnkaði Sólveig náms- og starfsráðgjafi við sig stöðuhlutfall frá september. Allt þetta varð til þess að Fræðslunetið var talsvert undirmannað síðustu fjóra mánuði ársins og hafði það í för með sér aukið álag á starfsfólk.

Starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í mars og haldnir voru þrjú starfsdagar. Starfsmannafundir voru haldnir reglulega í gegnum TEAMS og urðu þeir 19 talsins.

Símenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2022 að uppfæra þekkingu sína og varð hún síður minni en árin áður. Mikið og aukið framboð er á stafrænu efni sem hægt er að njóta við skrifborðið eða heima hjá sér. Almennt er starfsfólkið duglegt að viðhalda þekkingu sinni og að tileinka sér nýja hæfni. Starfsfólk skráir sjálft endurmenntun sína og gerir grein fyrir henni og óskum sínum varðandi áframhaldandi símenntun í árlegu starfsmannaviðtali með framkvæmdastjóra.

Stærsti símenntunaratburðurinn árinu var að nær allir verkefnastjórnara og framkvæmdastjóri sóttu alþjóðlega ráðstefnu um raunfærnimat, sem haldin var í Reykjavík í maí.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnum með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, íslensku fyrir útlendinga og til fræðslu fatlaðs fólks. Til kennslu á styttri námskeiðum eins og þeim sem snúa að starfsþróun (núvitund, sjálfstyrkingu og fl.) voru valdir sérfræðingar á því tiltekna sviði.

Alltaf eru einhverjar breytingar á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa þó unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru Fræðslunetinu afar dýrmætir. Sérstök viðhorfskönnun, sem var hluti af innra mati, var gerð meðal verktaka árið 2020 og þar kom fram mikil ánægja meðal þeirra með störf sín hjá Fræðslunetinu.

3. Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Til að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við aðila sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn. Þá rekur Fræðslunetið tvö námsver til viðbótar; á Hellu og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess verður að teljast almennt góð.

Aukið fjarnám á ýmsum sviðum fræðslunnar hefur þó orðið til þess að aðstaða á öllum starfsstöðvum Fræðslunetsins hefur verið sífellt minna notuð.

Á árinu rann út samningur við Sveitarfélagið Árborg um leigu Fræðslunetsins og Háskólafélagsins á Fjölheimum á Selfossi. Undirrituð var framlenging á samningnum til tveggja ára og voru samningsaðilar sammála um að nota tímann til þess að móta framtíðar sýn fyrir notkun húsnæðisins.

Búnaður

Endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna er alltaf einhver og voru bæði keyptar nýjar fartölvur, skjáir og nýir skrifborðsstólar fyrir starfsfólkið.

Viðhald á tækjum og tólum sem snúa að kennslustofum og aðbúnaði nemenda var áfram sinnt. Til þess að geta kennt upplýsingatækni fyrir eldri borgara um allt Suðurland var sérstaklega keyptur öflugur ferðaskjálvarpi og spjaldtölva.

Hluti þess búnaðar sem er notaður í kennslustofum er engu að síður orðinn nokkuð gamall og þá sérstaklega skjálvarpar. Þá er ljóst að skipta verður á næstunni út öllum routerum í Fjölheimum en þeir eru nú endanlega komnir á tíma.

4 Fræðslustarfsemi á árinu


Heildarfjöldi námsmanna

Á heildina litið þá er árið 2022 á svipuðum stað í fræðslunni og árið á undan, en þó voru nemendastundirnar um 6% færri. Bein opinber framlög til fræðslu drógust hlutfallslega lítillega saman milli ára þannig að ekki var hægt fyrirfram að gera ráð fyrir vexti í fræðslunni. Námsmönnum fjölgar nokkuð og brottfall minnkar aftur eftir að hafa verið að vaxa undan farin ár. Hópar í fræðslu fatlaðra eru litlir eða oft þrír til fjórir námsmenn og hefur það talsverð áhrif á meðalhópastærð.

Tafla 1 sýnir samanburð á heildarfjölda námsmanna hjá Fræðslunetinu síðustu fimm ár.

Tafla 1	Námskeið	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nemenda stundir	Meðal fj. í hópi
2018	135	1.439	1.285	10,7%	58.766	10,6
2019	118	1.261	1.143	9,4%	49.722	10,7
2020	118	1.154	1.032	10,6%	50.953	9,8
2021	145	1.227	1.041	15,2%	52.466	8,5
2022	132	1.332	1.182	11,3%	50.427	10,4

Hjá Fræðslunetinu er fræðslunni skipt niður á eftirfarandi sex svið: Íslensku fyrir útlendinga, vottaðar námsleiðir FA, virkninámskeið, námskeið fyrir fatlað fólk, fræðslu í fyrirtækjum og svo annað nám. Þessi sex fræðslusvið eru mis umfangsmikil. Um 74% af öllum nemendastundum eru kenndar á tveimur námssviðum; þ.e. íslensku fyrir útlendinga og á FA námsbrautum. Hlutfallsskiptingu nemendastunda má sjá á neðangreindu myndriti.



Nemendastundir segja þó ekki alla söguna um umfangið. Þannig má til dæmis slá því föstu að umsýsla, þ.e vinna við framkvæmd námsins, í kringum kennslu fatlaðra sé meiri af heildarumfangi en 4%.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Opinbert framlag til Fræðslunetsins vegna þessa var 8.400.000 kr. á árinu. Aðsókn að námskeiðum varð mun minni en vænst var og í raun hefur hún ekki verið svo lítil árum saman. Fræðslunetið gat því ekki notað allt sitt framlag frá Rannís til íslenskukennslunnar. Allri eftirspurn eftir íslensku fyrir útlendinga á Suðurlandi virðist engu að síður hafa verið fullnægt á árinu. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið og kennd af leiðbeinendum með full kennsluréttindi. Tafla 2 sýnir samanburð íslenskukennslu síðustu fimm ára:

Tafla 2	Námskeið	Nemendur	Fjöldi í námshópi	Nemenda- stundir	Brottfall
2018	33	376	12,6	22.560	12,60%
2019	30	336	11,8	22.329	11,80%
2020	28	326	11,6	20.640	11,30%
2021	30	338	10,4	19.230	10,40%
2022	20	207	10,4	11.440	14%

Niðurstaða ársins 2022 eru viss vonbrigði. Aðeins náðist að nýta um 2/3 framlagsins og þá óx brottfall í nemendahópnum í fyrsta skipti í mörg ár.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári er fé til að kenna vottað nám. Árið 2022 fékk Fræðslunetið úthlutað til verksins kr. 36.526.000. Undanfarin ár hefur þróunin á landsvísu verið sú að hið opinbera veitir sífellt minna fé til framkvæmdarinnar, sem hefur leitt af sér að færri nemendur ljúka námi.

Nám á flestum vottuðum námsbrautum er í boði sem bæði stað- og fjarnám. Aukist hefur að fólk búsett annarstaðar en á Suðurlandi sækir þetta nám. Tafla 3 sýnir sambanburð FA náms síðustu fimm ára.

Tafla 3	Fjöldi brauta	Námsm. innritaðir	Námsm. útskrifaðir	Brottfall	Nemenda- stundir
2018	13	197	184	9	28.560
2019	10	145	136	6	21.128
2020	7	102	96	6	21.414
2021	7	165	154	7	22.928
2022	10	120	110	5	19.179

Heldur minni aðsókn var í námsbrautirnar en árið á undan og fækkaði nemendastundum um 16% á milli ára. Auk fastra námsbrauta, þ.e. Leikskólaliðabraut, Félagsliðagátt og Menntastoða, var boðið upp á hluta af Grunnmenntaskóla, Líf og heilsu, Uppléið og Skref til sjálfshjálpar.

Það bar helst til nýjunga á þessum vettvangi á árinu að Birta starfsendurhæfing ákvað að nota í auknum mæli vottaðar námsbrautir sem úrræði hjá sér. Haustið 2022 voru til reynslu nokkrar námsbrautir í þessum tilgangi og stefnan sett á að formgera samstarfið enn betur árið 2023.

Símenntun fyrir fólk með fötlun

Námskeið fyrir fólk með fötlun er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu nokkuð vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmennt til kennslunnar. Framlagið fyrir árið, sem var kr 15.000.000 kr. hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega núverandi útfærslu við námskeiðin og fræðslan því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður. Tafla fjögur sýnir samanburð síðustu fimm ára í fræðslu fatlaðra hjá Fræðslunetinu.

Tafla 4	Námskeið	Námsm. hefja	Námsm. ljúka	Brottfall	Nemendastundir	Fjöldi í hópi
2018	41	150	143	5%	2.284	3,5
2019	37	143	136	5%	2.127	3,7
2020	43	125	112	10%	1.415	2,6
2021	47	132	129	4%	1.700	2,7
2022	33	114	109	4	1.580	3

Umfang kennslu fatlaðra varð merkjanlega minna en árin á undan. Hluta þess má skýra með því að kennari sem sá um vinsæl námskeið forfallaðist skömmu áður en nám átti að hefjast. Ekki var hægt að fá neinn í staðinn né endurskipuleggja námskeiðin og féllu þau því niður.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa á ýmsum úrræðum að halda til að verða virkir í samfélaginu, verið í talsverðum vexti og orðið ríkari þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Í stórum dráttum eru þetta þrjú hópar fólks; fólk sem atvinnulaust, fólk sem leitar eftir því að verða virkt í atvinnulífinu og svo flóttamenn. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands, Virk og Vinnumálastofnun.

Árið 2022 fylgdi árinu á undan nokkuð eftir þótt ekki hefði verið sama umfang úrræða. Fjölbreytileiki er mikill og stöðugt er unnið að þróun nýrra úrræða. M.a. var í fyrsta skipti samið við Birtu starfsendurhæfingu um að taka að sér hluta umsýslu með FA námsleið, sem kennd var sem úrræði. Í tölfu fimm má sjá fimm ára samanburð á endurhæfingu og virkninámskeiðum.

Tafla 5	Fjöldi námsk.	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nem. - stundir
2018	11	171	132	23%	2.884
2019	14	193	150	22%	4.024
2020	26	363	300	17%	6.321
2021	41	486	351	15%	8.002
2022	36	374	278	26%	6.325

Árið 2022 var næst umfangsmesta árið hingað til í virkniúrræðum.

Fræðsla fyrir fyrirtæki og greining fræðsluþarfa

Frá 2017 hefur fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir verið vaxtarsproti í starfsemi Fræðslunetsins. Árin 2020 og 2021 varð hinsvegar mikill samdráttur vegna Covid. En nú árið 2022 er fyrirtækjafræðslan aftur að ná sér á strik. Sjá samanburð milli ára í töflu 6

Tafla 6	Fjöldi námsk.	Námsm. hefja nám	Námsm. ljúka námi	Brottfall	Nem. - stundir
2018	36	426	478	11%	2.355
2019	21	343	340	1%	2.214
2020	12	200	200	0	1.027
2021	10	104	104	0	541
2022	20	402	400	0	1.915

Greining fræðsluþarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ er annar angi fyrirtækjapjónustu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðsluþarfir og gera fræðsluáætlun. Árið 2022 var aðeins einn slíkur samningur gerður. En sá merkilegi áfangi náðist að nú hafa fleiri en þúsund starfsmenn á Suðurlandi tekið þátt í greiningu fræðsluþarfa.

Tafla 7	Fjöldi samninga	Upphæð samninga	Fjöldi þátttakenda
2018	6	6.895.400	395
2019	2	2.040.522	254
2020	0	0	0
2021	2	3.041.748	181
2022	1	1.453.576	131

5. Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Alls fékk Fræðslunetið 9.261.000 kr. úthlutað frá FA til náms- og starfsráðgjafar árið 2022. Námsráðgjöf gekk vel þetta árið eftir tvö erfið Covid ár. Fjöldi viðtala varð þegar þegar upp var staðið sá mesti í sögu Fræðslunetisins.

Fræðslunetið stendur vel hvað varðar náms- og starfsráðgjafa en þrír ráðgjafar sinntu ráðgjöfinni á árinu. Í lok ársins bættist sá fjórði við. Reynt var að fjölga svokölluðum „hvatningarviðtölum“ á árinu en sá flokkur viðtala hefur verið rýr hjá Fræðslunetinu. Nokkur ávinningur varð af því átaki.

Tafla 8	Ráðþegar
2018	689
2019	690
2020	625
2021	419
2022	814

Raunfærnimat

Alls fékk Fræðslunetið 12.170.000 kr. úthlutað frá FA á árinu. Var fjármagninu ætlað til eftirfarandi verkefna:

- Raunfærnimat sjúkraliða
- Almenn starfshæfni
- Raunfærnimat félagsliða
- Raunfærnimat leikskólaliða og stuðningsfulltrúa
- Raunfærnimat á mótum viðmiðum atvinnulífsins

Raunfærnimatið gekk vel á árinu og má m.a. rekja það til breyttra verkátta en sérstakt teymi ráðgjafa og framkvæmdastjóra var stofnað utan um ráðgjöfina og raunfærnimatið. Í töflu x má sjá samanburð síðustu fimm ára.

Tafla 9	Fjöldi þátttakenda	Metnar einingar
2018	61	3408
2019	16	1.730
2020	43	3.331
2021	22	675
2022	41	2.295

Niðurstaða ársins er nú að verða lík árunum fyrir Covid. Almennt gengur vel að finna þátttakendur í raunfærnimatið og má m.a. þakka það góðum tengslum ráðgjafa við atvinnulífið og samstarfsaðila eins og Birtu starfsendurhæfingu.

6. Önnur starfsemi

Vísindasjóður

Til úthlutunar 2022 úr sjóðnum voru alls 1.600.000 kr. Úthlutað var þremur styrkjum til rannsókna að þessu sinni. Rannsóknarverkefnin fjalla eins og áður um sunnlensk fyrirbæri. Hátíðarfundur Vísindasjóðs fyrir árið 2022 var haldinn þann 12. janúar 2023. Sem fyrr mætti forseti Íslands til fundarins og afhenti styrkina.

Á árinu ákvað stjórn Fræðslunetsins að fenginni tillögu frá framkvæmdastjóra að bjóða Háskólafélagi Suðurlands að taka við allri umsýslu Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands. Stjórn Háskólafélagsins samþykkti svo í kjölfarið að taka við sjóðnum. Árið 2022 var því síðasta árið sem sjóðurinn og umsýsla með honum var í umsjón Fræðslunetsins. Lýkur þar með 20 ára sameiginlegri sögu Vísindasjóðsins og Fræðslunetsins.

Notendaráð

Bergrisinn, sem er byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu, hefur falið Fræðslunetinu utanumhald um notendaráð fatlaðs fólks á svæðinu.

Á árinu 2022 hefur meðal annars verið unnið að því að móta hlutverk og reglur notendaráðs, fara yfir reglur um akstursþjónustu og fara yfir námsefni sem gert er fyrir framtíðar fulltrúa notendaráða. Tekin voru viðtöl við fulltrúa ráðsins sem hluti námsefnisins. Alls voru fundir notendaráðs fjórir á árinu.

Þróunarstarf

Tvö formleg fjármögnuð þróunarverkefni voru í gangi á árinu:

- Samstarfsverkefni Fjölmennatar og Fræðslunetsins um gerð kennsluefnis fyrir sveitarfélög varðandi notendaráð. Lauk því verkefni á árinu.
- Þróunarverkefnið „Ferðapjónn 3 hluti“. Verkefnið hefur legið í dvala vegna Covid en farið var að huga að því aftur á árinu.

Önnur nýbreytni og þróun:

- Gerð var tilraun til að útvista hluta umsýslu á námsleið FA. Var það Birta sem gekk til samstarfs með slíka tilraun á einni námsleið. Báðir aðilar eru viljugir að halda áfram að þróa samstarfið og því ljóst að framhald verður á því næsta árið.
- Stofnað var teymi ráðgjafa á árinu sem skyldi sjá um daglegar stýringar á námsráðgjöf og raunfærnimati. Þegar leið á árið tók teymið einnig að sjá um eitt og annað við skipulag vottaðra námsleiða. Vinna ráðsins reyndist mikill ávinningur fyrir framkvæmd framhaldsfræðslunnar.
- Vinna hófst á árinu við að þróa og setja upp nýja vefsíðu fyrir Fræðslunetið. Teymi var stofnað og tveir starfsmenn fóru á sérstakt námskeið til að undirbúa sig fyrir vinnuna.
- Á árinu hófu símenntunarmiðstöðvar og Umhverfisstofnun tilraunir með nýja prófapjónustu. Nemendur sem stunda nám til að fá skotveiðileyfi og veiðkortaleyfi taka prófin sín á stöðvunum.

Markaðs- og kynningarstarf

Áherslur í markaðs og kynningarstarfi hefa annars vegar verið að nota rafræna miðla og hins vegar reglulegar og persónulegar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir. Síðari þáttinn var erfitt að ástunda síðustu tvö ár vegna Covid en komst í meira jafnvægi árið 2022.

Mikið er lagt upp úr samstarfi við samstarfsaðila og að þjónusta þarfir þeirra sem best. Því er oft fundað með þeim og þarfir þeirra metnar. Helstu samstarfsaðilar á þessum vettvangi eru: Birta starfsendurhæfing, VIRK, Markaðsstofa Suðurlands og VMST.

Nánast allt kynningarefni og auglýsingar er hannað af starfsmönnum Fræðslunetsins enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að vera að uppfæra og í því liggur talsverð vinna.

Heimsóknum á vefsvæði Fræðslunetsins fjölgaði nokkuð og fylgjendum á samfélagsmiðlum hélt áfram að fjölga milli ára. Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru:

Heimasíðan

Tafla 10	Heim-sóknir	Flettingar
2017	15.933	37.397
2018	14.679	38.680
2019	5.498	16.340
2020	17.192	23.240
2021	18.187	34.373
2022	19.224	45.945

Facebook og Instagram

Tafla 11	Facebook	Instagram
2017	2.000	0
2018	2.631	53
2019	2.767	96
2020	2.958	139
2021	3.100	215
2022	3.200	240

6. Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM+)

Haustið 2022 fór fram gæðáúttekt á Evrópska gæðamerkinu (EQM+) hjá Fræðslunetinu en þrjú ár voru liðin frá síðustu úttekt. Undirbúningur úttektarinnar stóð í mánuð og skilaði Fræðslunetið umfangsmiklum upplýsingum um framkvæmd framhaldsfræðslunnar með tilliti til gæðaferla EQM+.

Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd Fræðslunetsins þannig að ekki þurfti að ráðast í neina úrbótaáætlun. Ljóst er því að við framkvæmd framhaldsfræðslunnar er farið eftir öllum gæðaferlum EQM+

Gæðaráð og innra mat

Gæðaráð Fræðslunetsins starfaði ötullega á árinu og stýrði innra mati. Gæðaráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu voru fyrst og fremst unnin tvö verkefni í innra mati:

Allt námskeiðsmat Fræðslunetsins var skoðað og í framhaldinu stýrði gæðaráðið umræðu og vinnu við að uppfæra nýja leiðavísa varðandi matið. Starfsmenn samþykktu svo nýja leiðavísa á starfsdögum í júní.

Í tengslum við úttekt á EQM+ gæðaferlunum endurskoðaði gæðaráðið þrjár gæðahandbækur; fyrir raunæfærnimat, fyrir náms- og starsráðgjöf og fyrir vottaðar námsleiðir FA. Talsverðar breytingar voru gerðar á bókunum, enda höfðu gæðaviðmið EQM+ verið að breytast á síðustu tveimur árum.

Stefnumótun og greining

Stefnumótunin hefur í gegnum tíðina nær undantekningalaust farið fram á fjórum árlegum starfsdögum. Starfsdagarnir urðu hinsvegar aðeins þrír, sem er þó einum fleira en árið áður. Meðal þess sem var umfangsmikið í umræðunni var ný vinnutímastytting.

7. Skipulagsskrá Fræðslunetsins

Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunetsins frá 2013 eru stofnendur þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands 1999. Í [skipulagsskrá Fræðslunetsins](#) er listi yfir þessa stofnendur, sem sumir hverjir hafa nú sameinast öðrum eða horfið af braut.

Skipulagsskráin er byggð á lögum um sjálfseignastofnanir nr. 33 frá 1999 og því ná þau lög yfir alla starfsemi Fræðslunetsins sem ákvæði skipulagsskrárinnar dekkja ekki.

8. Töluleg þróun starfseminnar

